

VIG hefur framleitt gjafagrindur allt frá stofnun fyrirtækisins en tók sér nokkurt hlé um stund enda viljum við aðeins bjóða íslenskum bændum góða vöru á samkeppnishæfu verði. Nú getur VIG uppfyllt þá sjálfsgöðu kröfu.



Gjafagrind fyrir sauðfé



Gjafagrind fyrir stórgripi



Gjafagrind fyrir hesta

VIG létthlið er hagkvæm og góð lausn en hliðunum er hægt að raða saman að vild. Létthliðin eru seld í einingum þannig að það er hægt að raða saman hliði sem hentar mismunandi aðstæðum, hvort heldur á að girða af sumarhús eða tún.

VIG hefur hafið framleiðslu á tveimur gerðum létthliðsgrinda, bæði með standandi pílárum úr röri og með gegnheilum teinum. Létthlið er afar hagkvæmur kostur.

Létthlið með rörpílárum og létstálstaurum



Létthlið með rörpílárum og léttlömum í tréstauro



Léttgrindur með teinum



Sem dæmi er hægt að setja tvær tveggja metra grindur á VIG stálstauro og setja loku sem hægt er að læsa eða setja eina fjöggra metra grind á tréstauro með VIG lömum sem ætlaðar eru í þá.

Einnig hefur **VIG** framleitt krafthlið í um 10 ár en þau eru í algjörum sérflokkum hvað varðar gæði og styrk.

VIG hefur frá upphafi framleitt vönduð hlið fyrir sumarhúsaeygndur o.fl. en stofnandi VIG sá á ferðum sínum um sveitir



landsins mörg illa gerð hlið að annars glæsilegum vinjum fólks úr þéttbýlinu. Þá var tekin sú ákvörðun að hanna og smíða vönduð og stílhrein hlið sem myndu endast lengi í íslensku veðurfari og vernda fyrir óþrúttum aðilum.

Öryggisslá með lóðréttri opnun



Öryggisslá með lóðréttri opnun er einföld og góð útfærsla sem er afar þægileg í allri umgengni og uppsetningu. Á slánni er lóð sem gerir slána „þyngdarlausu“. Lóðið er hægt að færa til en með því er hægt að ráða þunga sláarinnar. Í liðnum er skriðill úr ryðfríu stáli sem bæði lokar slánni og heldur henni opinni.

Á myndinni hér til hliðar er hliðslá sem lokar vel fyrir allri akandi umferð og er ágæt innbrotsvörn en heldur búpeningi ekki í skefjum.



VIG hóf fljótlega að smíða rimlahlið og er líklega best útbúna vélsmiðja landsins til þeirrar smíði enda getur




VIG ávallt boðið slík hlið á sérstaklega góðu verði og gæðin eru í samræmi við ströngustu kröfur Vegagerðarinnar.

Einnig býður **VIG** upp á öryggisslár þannig að hægt sé að loka fyrir umferð yfir hliðin ásamt göngu og gripahliðum til hliðar við vegristarnar.

VIG framleiðir vandaðar þvottasnúrur fyrir íslenskar aðstæður.



VIG hóf fljótlega framleiðslu á suðulömum en þær getur fólk keypt í öllum bestu verslunum landsins. **VIG** suðulamirnar henta vel þeim sem eru að smíða hlið, kerru eða ditta að hesthúsinu sínu o.fl. en hafa ekki aðstöðu til að smíða sér vandaðar lamir. VIG suðulamirnar eru smyrjanlegar og með hæfilegri rýmd sem tryggir lipurð og endingu. Lamirnar eru framleiddar í fjórum stærðum:



Stál: 17mm, 25mm, 32mm og 40mm
Ryðfr.: 16mm, 25mm, 30mm og 40mm



VIG smíðar jöfnum höndum úr ryðfríu stáli og öðru stáli, reyndar einnig mörgum öðrum efnum svo sem kopar, plasti og jafnvel silfri. VIG hefur yfir að ráða tveimur TIG suðuvélum þar af annarri tölvustýrðri ásamt sérstökum slípivélum o.fl.



Vélsmiðja Ingvars Guðna hóf starfsemi snemma árs 2000 á Vatnsenda í Flóa austan við Selfoss. **VIG** hefur frá upphafi lagt áherslu á þjónustu við bændur, verktaka og í raun alla þá sem þurfa að láta smíða hvaðeina úr málum. Grunnurinn að VIG var lagður með framleiðslu á vönduðum hliðum fyrir sumarhúsa-eigendur sem hófst sumarið 1998 í smáum stíl og hefur haldist allar götur síðan. Það hefur verið stefna VIG frá upphafi að leysa nánast hvaða verk sem viðskiptavinurinn óskar. VIG er afskaplega vel tækjum búin vélsmiðja en til að geta leyst flókin og fjölbreytt verkefni þarf bæði þekkingu, góðan vilja og góð verkfæri.

Það hefur aldrei verið sérstakt markmið hjá VIG að vera stór smiðja heldur fyrst og fremst að skila góðri vinnu. Hvort heldur er í grófum viðgerðum á úrsérgengnum vélavögnum eða gera við mun fingerðari hluti eins og hrærivélaþeytara. Einnig smíðum við hina ýmsu hluti úr fægðu ryðfríu stáli. Það gildir einu, við leysum málin.

Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf.
Tanga 801 Selfoss
S: 486-1810 fax: 486-1820
www.vig.is - vig@vig.is



POB.00.971-0001 EHF

SMIÐJA Í SVEIT

VIG hefur lengi fengist við að smíða kerrur, bæði fjölnota kerrur fyrir t.d. húsasmiði og kerrur til sérhæfðra verkefna svo sem kapalvagna fyrir þung kefli t.d. fyrir háspennukapla eða þá kerrur sem eru nánast eins byggðar upp og vörubílsvallur fyrir sérstaklega mikið álag.

VIG breikkar flestar gerðir felgna.



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA